

Efni: Umsögn Arnarlax ehf. vegna máls Nr.S-198/2021 – Tillögu að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismats-skýrslu

Arnarlax gerir eftirfarandi athugasemdir við töflu 1.1. í Umhverfismatsskýrslu burðarþols og áhættumats erfðablöndunar, sem unnin er af VSÓ ráðgjöf.

Í töflunni eru settur fram tonnafjöldi hámarkslífmassa vegna útgefinna leyfa og umsókna í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi í árslok 2020 sem gefur tilefni til eftirfarandi athugasemda:

- Rangur leyfilegur hámarkslífmassi vegna sjókvíaldis í Arnarfirði

Arnarlax hefur rekstrar- og starfsleyfi fyrir eldi á 13.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Arnarfirði en ekki fyrir 11.500 tonn eins og staðhæft er í töflu 1.1. í skýrslunni. Um er að ræða starfs- og rekstrarleyfi (FE-1105) fyrir 10.000 tonna lífmassa á hverjum tíma á nokkrum eldissvæðum í Arnarfirði útgefin annars vegar af Umhverfisstofnun þann 16. september 2020 og hins vegar af Matvælastofnun þann 6. maí 2016. Jafnframt er um að ræða starfs- og rekstrarleyfi (FE-1087) fyrir 3.000 tonna lífmassa á hverjum tíma á eldissvæði í Fossfirði í Arnarfirði útgefin annars vegar af Umhverfisstofnun þann 25. ágúst 2020 og hins vegar af Matvælastofnun þann 28. október 2020.

- Rangt magn lífmassa í umsóknarferli í Arnarfirði

Arnarlax hefur sótt um starfs- og rekstrarleyfi fyrir eldi á 4.500 tonn af laxi í sjókvíum í Arnarfirði. Þannig eru í umsóknarferli í Arnarfirði 8.500 tonn af laxi en ekki 4.000 tonn eins og tilgreint er í töflu 1.1. í skýrslunni.

- Lífmassi útgefinna leyfa og umsókna um leyfi í Ísafjarðardjúpi umfram burðarþol

Í töflunni er tilgreint að sótt hafi verið um leyfi fyrir allt 20.100 tonna lífmassa í Ísafjarðardjúpi. Úr töflunni má þannig lesa að hámarkslífmassi útgefinna leyfa og umsókna fari umfram útgefið burðarþol fjarðarins. Arnarlax telur slíkt ekki rétt. Möguleg skýring er að ekki sé gert ráð fyrir í töflunni að núverandi leyfi fyrir eldi regnbogasilungs í Ísafjarðardjúpi falla niður hjá umsækjanda sem fær útgefið leyfi til laxeldis í Djúpinu.

Virðingarfyllst, f.h. Arnarlax ehf,

Björn Hembre

